



JAFNRÆÐI • JÁKVÆÐNI
TRAUST • VIRÐING

Skútustaðahreppur

Pistill sveitarstjóra

Sveinn Margeirsson

27. mars 2021

Kæru Mývetningar nær og fjær! Dýrðardagur í Mývatnssveit þennan laugardaginn! Um að gera að drífa sig út í sólina og njóta veðurbliðunnar, síðan er hægt að renna kleinum niður með kakóinu og lesa pistilinn í makindum!

Skíðadeild studd

Landeigendur Voga afhentu á dögnum skíðadeild Mývetnings veglegan styrk til stuðnings deildinni, en á þeim bæ hefur verið unnið grettistak á síðustu mánuðum. Skíðadeildin hefur notið góðvildar á fleiri stöðum og gaf Kolbrún Ívarsdóttir t.d. úrvals kjötsúpu til að selja á vel heppnuðu snjócross móti á vetrarhátíð. Snjócross var ekki eina keppnisgreininí Kröflu þann dag, en ýmsir ofurhugar úr Mývatnssveit þreyttu pappakassa-rallkeppni með miklum tilþrifum eins og sjá má á myndinni hér að neðan.



Fundur um skipulagsmál

Miðvikudaginn 24.nóvember var haldinn fundur vegna skipulagsgerðar við Skjólbrekku og Skútustöðum. Kynnt voru áform um uppbyggingu á svæðinu, aðdraganda, forsendur og áherslur. Fundurinn bauð upp á góðar umræður og gagnlegar ábendingar, þrátt fyrir tæknivandamál, en breyta þurfti formi fundarins

með skömmum fyrirvara í ljósi hertari samkomutakmarkana. Nánar má kynna sér [skipulagslýsingu hér](#).

Rannsóknáætlun RAMÝ 2021-2024



Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn, RAMÝ, hefur nýlega gefið út rannsóknáætlun 2021-2024. RAMÝ hefur í áratugi fylgst með náttúruferri á verndarsvæði Mývatns og Laxár. Hægt er að kynna sér mjög áhugaverða

rannsóknáætlun RAMÝ [hér](#).

Tryggð byggð

Sveitarstjóri og oddviti sóttu á dögnum fund sveitarstjórnar- og samgönguráðherra og félags- og



barnamála-
ráðherra um
húsnaðismál.
Sveitarfélagið
horfir til frekari
þróunar á byggð
umhverfis Mývatn
og eru íbúar
hvattir til að kynna
sér þau úrræði
sem eru fyrir
hendi, en þau má

nálgast hér: <https://tryggdbyggd.is/>

Viltu vera með í tilraunaverkefni um nýtingu lífræna auðlinda?

Unnið hefur verið að undirbúningi að tilraunaverkefni um flokkun á lífrænum úrgangi íbúa og nýtingu hans til landgræðslu og kolefnisbindingar. Byggt er á vinnu starfshóps um lífrænan úrgang. Tilraunaverkefnið hefur m.a. verið mótað í samstarfi við Terra og Landgræðsluna, sem verða meðal samstarfsaðila í því. Stefnt er að því að á næstu vikum verði íbúum boðið upp á að safna lífrænum úrgangi í svokallaðar bokashi tunnur og koma á söfnunarstöð.

Gert er ráð fyrir því að sækja um fjármagn til stuðnings verkefninu, ásamt öðrum verkefnum sem styðja uppbyggingu hringrásarhagkerfis Mývatnssveitar, en Umhverfis-og auðlindaráðuneytið auglýsti nýlega styrki með uppbyggingu hringrásarhagkerfis að markmiði.

Ungmennaráð fundar með sveitarstjórn

Í Skútustaðahreppi er að störfum kröftugt ungmennaráð, sem í sitja Margrét Ósk Friðriksdóttir, Kristján Örn Kristjánsson, Helgi James Price Þórarinnsson og Dóróthea Gerður Örnólfsdóttir. Ráðið nýtur aðstoðar Arnþrúðar Dagsdóttur. Ráðið fundaði með sveitarstjórn á dögnum og komu margar áhugaverðar hugmyndir fram að framfaramálum innan sveitarinnar.



Kosið um sameiningu við Þingeyjarsveit

Sveitarstjórn hefur fjallað tvisvar um álit sameiningarnefndar. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps

samþykkir að atkvæðagreiðsla um sameiningu Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar fari fram 5. júní 2021 og felur samstarfsnefnd um sameiningu að undirbúa atkvæðagreiðsluna og kynna tillöguna og helstu forsendur fyrir íbúum.

Lausnamót – MATUR-VATN-ORKA



Hacking Norðurland er lausnamót sem fer fram dagana 15.-18. apríl 2021 á Norðurlandi. Unnið verður með sjálfbæra nýtingu auðlinda svæðisins með tilliti til matar, vatns og orku.

Markmið lausnamótsins er að efla frumkvöðlastarf og sköpunarkraft á svæðinu og þannig stuðla að nýjum verkefnum og viðskiptatækifærum. Lausnamótinu er ekki síður ætlað að vekja athygli á því öflugum frumkvöðlasamfélagi sem er á Norðurlandi. Hacking Norðurland er samstarfsverkefni Hacking Hekla, Eims, Nordic Food in Tourism, SSNE, SSVN og Nýsköpun í norðri. Sjá nánar á [fésbókarsíðu viðburðarins](#).

Minkur herjar á fjölbreytt vistkerfi Mývatns

Líkt og áður hefur komið fram í sveitarstjórastöðum tók Daði Lange við sem umhverfisfulltrúi Skútustaðahrepps um áramót. Daði leggur m.a. áherslu á vargeyðingu í sínum störfum, en Skútustaðahreppur hefur um árabil lagt áherslu á að vernda fjölbreytt vistkerfi Mývatns og Laxár með markvissri vinnu í þeim efnum, undir stjórn Inga Þórs Yngvasonar. Daði Lange lauk á dögnum námskeiði í meindýravörnum með ágætiseinkunn og er því í dag heimilt að nýta útrýmingarefni (eitur) við eyðingu meindýra. Íbúar eru hvattir til að hafa samband við Daða (dadi@skutustadahreppur.is) ef sést til vargs, en dæmi eru um að minkur hafi unnið umtalsverðan skaða í samhengi líffræðilegrar fjölbreytni á skömmum tíma.



Jón Friðriksson, Héðinn Björnsson og Stefán Jakobsson. Varamenn eru Anton Freyr Birgisson og Ragnar Davíð Baldvinsson.



Viltu taka þátt í hlaupahópi?

Það er fátt sem jafnast á við góðan hlaupatúr á góðviðrisdegi. Ef þú hefur áhuga á að taka þátt í hlaupahópi í Mývatnssveit sem er í undirbúningi, láttu þá vita! Mývatnsmararþon nálgast og um að gera að nýta góðviðrisdaga vorsins, áður en sauðburður og önnur vorverk hellast yfir!



Mývetningur á siglingu

Aðalfundur ungmennafélagsins Mývetnings fór fram 11. mars. Framundan er án vafa kröftug uppbygging á ýmsum sviðum, en uppbygging skíðasvæðis er frábært dæmi um áhrifamátt samstöðu Mývetninga. Um að gera að taka þátt með því að kaupa miða í páskabingóí ungmennafélagsins. Frekari upplýsingar um bingóíð og annað starf Mývetnings má finna á [facebook síðu félagsins](#).

Ný stjórn Mývetnings er skipuð eftirfarandi:
Kristinn Björn Haraldsson (formaður), Valerija Kiskurno

HRÓS DAGSINS

Fá ungir sem alnir Mývetningar sem nýta hvert



tækifæri í frábærri sleðabrekku Reykjahlíðar til að efla andann á ferð niður snævi þakta hlíðina! Svo sannarlega góð þjálfun til að takast á við rússibana lífsins og læra að takast á við mismunandi aðstæður, líkt og okkur er svo nauðsynlegt þessa dagana.

Heilbrigð sál í hraustum líkama!
Sveinn Margeirsson, sveitarstjóri